



STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

Fréttabréf

Haust 2024

Góð ávöxtun það sem af er ári

Nýtt sjóðfélagayfirlit birt á vefnum

Átt þú réttindi í mörgum sjóðum?

Sjóðfélagalán Stapa

Upplýsingar til nýrra sjóðfélaga á ensku og pólsku

Breytingar á lífeyrisréttindum í kjarasamningum

Vantar þig upplýsingar um lánið þitt?

Kostnaður erlendra vörsluaðila

Almennri ráðstöfun séreignar inn á lán lýkur um áramót

Afnám persónuafsláttar til lífeyrisþega með heimilisfesti erlendis


Góð ávöxtun það sem af er ári

Nafnávöxtun tryggingadeildar fyrstu níu mánuði ársins nemur um 7,8%. Raunávöxtun það sem af er ári er jákvæð sem nemur 2,8% en síðustu tvö ár hefur verðbólga og neikvæð þróun á eignamörkuðum gert það að verkum að raunávöxtun hefur verið neikvæð.

Allir eignaflokkar hafa skilað jákvæðri nafnávöxtun það sem af er ári. Erlend hlutabréf hafa skilað hæstu ávöxtuninni en innlend skuldabréf hafa einnig skilað góðri ávöxtun, þá hafa innlend hlutabréf hækkað á síðustu vikum og skila nú jákvæðri nafnávöxtun.

Ávöxtun séreignarsafna sjóðsins hefur einnig verið góð þrátt fyrir erfiða byrjun á árinu. Nafnávöxtun Varfærna safnsins var 8,1% og Áráðna safnsins 9,3%. Innlána safnið skilaði 5,5% nafnávöxtun. Nafnávöxtun tilgreindrar séreignar er 7,8% það sem af er ári.

Horfur á eignamörkuðum á næstunni munu sem fyrr ráðast af þróun efnahagssumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntingum.





Nýtt sjóðfélagayfirlit á vefnum

Nýtt yfirlit hefur verið birt á sjóðfélagavef Stapa.

- Yfirlitin eru birt tvisvar á ári undir **Skjöl** á [sjóðfélagavef](#) og á [Ísland.is](#).
- Sjóðfélagar með skráð netfang í **Mínar upplýsingar** á vefnum fá sendan tölvupóst þegar nýtt yfirlit er birt.
- Hægt er að óska eftir yfirliti í bréfaþósti með því að skrá það undir **Mínar upplýsingar** á sjóðfélagavef eða með því að hafa samband við sjóðinn.
- Stapi nýtir sér þjónustu [Ísland.is](#) og sendir hnipp á sjóðfélaga þegar nýtt yfirlit er birt á vefnum.

Það er mikilvægt að yfirfara samskiptaupplýsingar, bæði á sjóðfélagavef og Ísland.is, til að upplýsingar berist með réttum hætti.



Vefur sjóðfélaga er aðgengilegur ofarlega til hægri á [stapi.is](#).

Mikilvægt er að skoða hvort:

- Iðgjöld sem dregin eru af launum skila sér til sjóðsins
- Mótframlag launagreiðenda er rétt
- Ávöxtunarleidd séreignar er í samræmi við val sjóðfélaga

Réttindasjóður byggir á greiðslum sem skila sér til sjóðsins og mikilvægt að hafa samband við Stapa ef iðgjöld vantar frá launagreiðanda.


Átt þú réttindi í mörgum sjóðum?

Það er algengt að eiga réttindi hjá fleiri en einum lífeyrissjóði. Lífeyrisgáttin veitir góða yfirsýn yfir áunnin réttindi í öllum samtryggingarsjóðum.

- Lífeyrisgáttin er aðgengileg úr [valmynd á vef sjóðfélaga](#).
- Samþykka þarf að upplýsingar verði sóttar frá öðrum sjóðum, þá birtist yfirlitið.

Stapi hvetur sjóðfélaga til að fylgjast með áunnum réttindum og nýta reiknivélar á sjóðfélagavefnum til að áætla eftirlaun sín.

Athugið að úr lífeyrisgáttinni er eingöngu hægt að sækja upplýsingar úr samtryggingasjóðum en ekki séreignarsjóðum.



The screenshot displays the STAPI (LÍFEYRISJÓÐUR) user interface. On the left is a vertical navigation menu with the following items: Yfirlit (highlighted in dark blue), Lífeyrisréttindi, Séreign, Lífeyrisgreiðslur, Lögjöld, Lán, Skjöl, Mínar upplýsingar, Umsóknarvefur, and Lífeyrisgátt. A blue arrow points to the 'Lífeyrisgátt' item. The main content area features a large image of a waterfall and a headline: 'Áætlaðu þinn lífeyri'. Below the headline is the text: 'Reiknaðu hvað þú munt hafa til ráðstöfunar við starfslok frá Stapa.' and a dark blue button labeled 'Opna lífeyrisreiknivél'.

Sjóðfélagalán Stapa

Stapi býður verðtryggð lán gegn veði í íbúðarhúsnæði í eigu sjóðfélaga. Lánin eru með föstum eða breytilegum vöxtum.

- Hámarkslán kr. 75.000.000
- Við kaup á fasteign miðast lánslutfall við kaupverð
- Við endurfjármögnun miðast lánslutfall við nýjasta fasteignamat
- Einfalt rafrænt umsóknarferli
- Ekkert uppgreiðslugjald
- Upplýsingar um lánsrétt eru á [vef sjóðfélaga](#)

Allar nánari upplýsingar um sjóðfélagalán er að finna á [stapi.is](#) en fyrirspurnir má einnig senda á lan@stapi.is.



Upplýsingar til nýrra sjóðfélaga á ensku og pólsku

Síðastliðna mánuði hefur Stapi sent nýjum sjóðfélögum [upplýsingabréf](#) um starfsemi sjóðsins og þau réttindi sem ávinnast með greiðslum í lífeyrissjóð. Farið er yfir hverja deild og auk þess uppbyggingu og þjónustu sjóðsins.

Upplýsingabréfið er jafnframt aðgengilegt á [ensku](#) og [pólsku](#) á vefsíðu sjóðsins.



Breytingar á lífeyrisréttindum í kjarasamningum

Margir kjarasamningar sem gerðir hafa verið á undanförunum árum hafa falið í sér breytingar á lífeyrisréttindum. Í kjarasamningum sjómanna, sem gerðir voru á fyrri hluta ársins, var m.a. ákvæði um mögulega hækkun mótframlags. Þegar slíkar breytingar verða er mjög mikilvægt að fylgjast með að iðgjöld sem skila sér til sjóðsins séu í samræmi við samninga.

Það er einfalt að fylgjast með greiddum iðgjöldum á [sjóðfélagavef](#). Ef óvissa er um frá hvaða tíma hækkun á að taka gildi bendum við að hafa samband við viðkomandi stéttarfélag.



Vantar þig upplýsingar um lánið þitt?

Á [sjóðfélagavef](#) er hægt að skoða margvíslegar upplýsingar um lán sem sjóðfélagar eru með hjá Stapa. Þar er til dæmis hægt að:

- Finna upplýsingar um eftirstöðvar láns, vexti og fjölda afborgana sem eru eftir.
- Reikna hvernig greiðslubyrði ógjaldfallinna afborgana breytast miðað við mismunandi verðbólgu.
- Fylgjast með innborgunum, t.d. hvort séreignarsparnaður er að skila sér inn á lánið.

Það er alltaf hægt að greiða inn á lán hjá Stapa án aukabóknunar. Greiðsluupplýsingar eru á sjóðfélagavef.





Kostnaður erlendra vörsluaðila

Inn á borð Stapa hafa komið mál sjóðfélaga sem varða séreign og tilgreinda séreign sem þeir hafa greitt til erlendra vörsluaðila.

Kostnaður sem fellur á sjóðfélaga er oft mjög mikill í þessum tilvikum, auk þess er mismunandi hvort hægt er að nýta séreign hjá þessum aðilum til fyrstu íbúðarkaupa.

Stapi hvetur sjóðfélaga til að kynna sér þessi mál vel áður en gengið er frá samningum.



Almennri ráðstöfun séreignar inn á lán lýkur um áramót

Að óbreyttu bendir allt til þess að almennri ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á lán ljúki um næstu áramót skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025. Áfram verður heimilt að nýta séreignarsparnað til fyrstu fasteignakaupa. Upplýsingar varðandi skattfrjálsa ráðstöfun vegna kaupa eða byggingar á fyrstu íbúð er að finna á skatturinn.is.

Kostir séreignar eru ótvíræðir hvort sem hún er nýtt inn á lán eður ei. Mótframlag launagreiðanda jafngildir launahækkun, sveigjanleiki eykst við töku eftirlauna, séreign erfist að fullu og ekki þarf að greiða fjármagnstekjuskatt af ávöxtun líkt og gera þarf af innlánsreikningum. Það er einfalt að hefja séreignarsparnað með því að fylla út umsókn um samning á [umsóknarvef](#).

Afnám persónuafsláttar til lífeyrisþega með heimilisfesti erlendis

Um næstu áramót verða gerðar breytingar á persónuafslætti lífeyrisþega þegar hann verður afnuminn hjá þeim sem eru með heimilisfesti erlendis. Persónuúvilnanir, líkt og persónuafsláttur, eru almennt eingöngu í boði þar sem viðkomandi einstaklingur býr (í búseturíkinu). Breytingin var hluti af bandormi fjármálaráðherra vegna fjárlaga fyrir árið 2024 og átti að taka gildi um síðustu áramót en gildistökkunni var þá frestað um eitt ár.

Helsta ástæðan fyrir breytingunni er sú að í tekjuskattslögum er þegar til staðar heimild til handa eftirlauna- og lífeyrisþegum til að njóta persónuúvilnana ef 75% eða meira af heildartekjum þeirra koma frá Íslandi. Á vef Alþingis kemur jafnframt fram að með breytingunni er einnig verið að færa lagaumgjörðina til samræmis við það sem gildir

í öðrum löndum og að í mörgum tilfellum leiði lækkun á íslenska skattinum til hærri skattlagningar í erlendis. Lífeyrisþegar geti auk þess notið tvöfaldrar persónuúvilnunar, bæði frá Íslandi og erlenda búseturíkinu.

Starfsfólk Stapa veitir ekki ráðgjöf í skattamálum en telur mikilvægt að upplýsa sjóðfélaga og lífeyrisþega um breytinguna og bendum þeim á að hafa samband við [Skattinn](#) til að fá frekari upplýsingar.





Strandgötu 3, 600 Akureyri og Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað

Afgreiðslutími skrifstofu:

Akureyri kl. 9:00–12:30 og 13:00–15:00. Neskaupstaður kl. 9:00–12:00

Sími: 460 4500 | www.stapi.is | stapi@stapi.is